

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Blönduóss hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara.

Lokunargjald er jafnvirði 1 mínútulíttra af heitu vatni, á þeim tíma sem lokunartilkynning er send út, nú kr. 750,00.

Hitaveita Blönduóss hefur rétt til að krefja notanda um innheimtugjald, er nemi hálfu lokunargjaldi, vegna undirbúnings að lokun vegna vanskila. Gjald þetta gjaldfellur fari lokunarmaður á vettvang og afhendi þar skriflega tilkynningu um lokun án þess að til lokunar hafi komið.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Blönduóss skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 110, 27. febrúar 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 17. júlí 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hveragerðis.

1. gr.

Hitaveita Hveragerðishrepps selur afnot af varmaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða gerð kunna að verða, eftir þeim reglum, sem settar eru í reglugerð Hitaveitu Hveragerðishrepps, nr. 799/1983 og gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Hveragerðis lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitaflétir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjöld:

- | | |
|---|------------|
| 1. Gróðurhús 100 m ² og stærri | kr. 420,00 |
| á mánuði fyrir hvern aðalhemil. | |
| 2. Önnur hús | kr. 167,00 |
| á mánuði fyrir hvern aðalhemil. | |

b) Vatnsgjöld:

- | | |
|-----------------------------------|------------|
| 1. Gróðurhús | kr. 99,00 |
| á mánuði fyrir hvern mínútulítra. | |
| 2. Önnur hús | kr. 278,00 |
| á mánuði fyrir hvern mínútulítra. | |

Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverju tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín til greiðslu í hverjum mánuði og skulu þau greiddast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuadila, sem hitaveitan vísar til. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjaldldaga.

6. gr.

Heimæðagjald (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m ³ að utanmáli	kr. 27 800,00
Hús 300—2000 m ³ að utanmáli	kr. 27 800,00
fyrir 300 m ³ og	kr. 20,70
á hvern rúmmetra þar yfir.	
Hús stærra en 2000 m ³ að utanmáli	kr. 63 300,00
fyrir 2000 m ³ og	kr. 17,25
á hvern rúmmetra þar yfir.	
Stofngjald fyrir hvern aðalrennslisshemil umfram einn á sama inntaki	kr. 2 580,00

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 216 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og gróðurhúsaræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

10. gr.

Hitaveita Hveragerðis hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 240,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Hveragerðis skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Peir notendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti, þar til þeir hafi fengið hemil.

13. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi 1. ágúst 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 135 21. mars 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 16. júlí 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Flateyrahreppi.

1. gr.

Hreppsnéfnud Flateyrahrepps er heimilt að leggja á gatnagerðargjöld í sveitarfélaginu eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar: A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með vatns- og holræsislögnum, og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við lagningu bundins slitlags á götu og að ganga endanlega frá gangstétt.

3. gr.

Húseigendur í Flateyrahreppi skulu greiða til hreppssjóðs Flateyrahrepps gatnagerðargjald af hverjum rúmmetra byggingar, sem nemur ákveðnum hundradshluta byggingarkostnaðar pr. m³ eins og hann er á hverjum tíma í vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands.